

Styrkir Háskóla Íslands til sóknar í erlenda sjóði

English below

Háskóli Íslands styrkir starfsmenn háskólans til sækja í erlenda samkeppnissjóði í rannsóknum. Veittir eru „minni sóknarstyrkir“ í tengslum við *sóknarstyrki Rannís* (<https://www.rannís.is/sjodir/rannsoknir/soknarstyrkir/nr/2737>) og „stærri sóknarstyrkir“ sem eru óháðir *sóknarstyrkjum Rannís*. Markmiðið með styrkjunum er að veita starfsmönnum Háskóla Íslands fjárhagslegan stuðning vegna umsókna þeirra í erlenda samkeppnissjóði.

Minni sóknarstyrkir eru veittir í tengslum við úthlutun á *sóknarstyrkjum Rannís*. Á undanförunum árum hefur Rannís lagt áherslu á að veita styrki til umsókna í Horizon 2020 rannsóknaráætlunina. Sóknarstyrkjum Háskóla Íslands er ætlað að styðja við þær umsóknir sem ekki hljóta sóknarstyrk frá Rannís. Veittir eru styrkir að hámarki 150.000 kr. vegna umsókna þar sem Háskóli Íslands er þátttakandi í umsókn en 250.000 kr. þar sem Háskóli Íslands leiðir umsóknarferlið. Vegna umsókna í NordPlus og Erasmus+ KA2 þar sem Háskóli Íslands er þátttakandi í umsókn verður veittur styrkur að upphæð 100.000 kr. Í þeim tilfellum þar sem Háskóli Íslands leiðir Erasmus+ KA2 umsókn er veittur styrkur að upphæð 250.000 kr. Aðeins er veittur einn sóknarstyrkur vegna hversar verkefnisumsókna, séu fleiri umsækjendur innan HÍ aðilar að umsókninni þarf að tilgreina í umsókn um sóknarstyrk hvernig styrkur skuli skiptast á milli umsækjenda.

Stærri sóknarstyrkir eru veittir vegna umsókna starfsmanna í stærri erlenda samkeppnissjóði þar sem Háskóli Íslands leiðir verkefnið. Sérstök áhersla er lögð á umsóknir um ERC styrki og verkefni í H2020 rannsóknaráætlun Evrópusambandsins en önnur stærri verkefni þar sem Háskóli Íslands leiðir samstarfshópin koma einnig til greina. Umsókn um stærri sóknarstyrki þarf að berast áður en verkefnisumsóknin er send inn og helst 3-5 mánuðum áður en umsóknarfrestur í samkeppnissjóð rennur út. Umsóknir um stærri sóknarstyrki þarf að vinna í samráði við rannsóknastjóra sviðs en þeim þarf að fylgja áætlun um nýtingu sóknarstyrksins til að styðja við umsóknina (getur m.a. falið í sér: laun aðstoðarmanns við umsóknarskrif, ferðakostnaður til að efla samstarf, yfirlestur umsókna eða annars konar sérfræðiaðstoð við gerð umsókna). Hámarksstyrkur sem veittur er vegna hversar umsókna er 1,5 m. kr. Styrkurinn er greiddur þegar staðfesting hefur borist Vísinda- og nýsköpunarsviði á því að verkefnisumsókn hafi verið send til styrkveitanda.